12. Meðmælabréf til handa Jóni Pálssyni og eftirrit af umsókn hans um bókarastarf við Landsbanka Íslands.

Hér með leyfi ég mér að sækja um stöðuna sem bókari við Landsbanka Íslands.

Til stuðnings þessari umsókn minni leyfi ég mér jafnframt að senda hér með fjögur meðmæli:

1° Frá hr. fyrv. verzlunarstjóra P. Nielsen á Eyrarbakka

2° Frá hr. Guðjóni Ólafssyni og hr. Kristjáni sál. Jóhannessyni á Eyrarbakka

3° Frá séra Ólafi ~~F~~ sál. Helgasyni á Stóra-Hrauni

og 4° Frá hr. verzlunarfulltrúa ~~J. P. T. Bryde's verzlunar~~ N. B. Nielsen í Reykjavík

Loks skal ég leyfa mér að geta þess, að ég hefi verið við verzlunarstörf að miklu leyti ~~síðan~~ frá 1886 til 1909, ýmist við afgreiðslu eða sem bókhaldari þar til ég kom í Landsbankann í ársbyrjun 1910.

Reykjavík, 30. Nóvbr. 1911.

Virðingarfyllst

*Eptirrit.*

Samkvæmt beiðni herra organista og kennara Jóns Pálssonar á Eyrarbakka, er mér sönn ánægja, að geta gefið honum þann vitnisburð, að hann hefur, í þau 11 ár, sem hann hefur kennt undir umsjón minni í barnaskólanum hér í prestakalli, stundað þann starfa með stakri samviskusemi og alúð, enda prýðilega fær til þeirrar kennslu, sem hann sérstaklega hafði á hendi – reiknings og skriptar-kennslu, – þar sem hann er ágætur skrifari, og óvanalega vel að sér í reikningi og bæði fljótvirkur og vandvirkur.

Stóra-Hrauni 29. marz 1902.

Ólafur Helgason
prestur á Eyrarbakka.

Eptirrit

Afrit

Samkvæmt beiðni herra organista og kennara Jóns Pálssonar á Eyrarbakka, er mér sönn ánægja, að geta gefið honum þann vitnisburð, að hann hefur í þau 11 ár, sem hann hefur kennt undir umsjón minni, í barnaskólanum hér í prestakalli, stundað þann starfa með stakri samviskusemi og alúð, enda greinilega fór til þeirra kennslu, sem hann sérstaklega hafði á hendi - reiknings og skriptarkennslu, - þar sem hann er ágætur skrifari og óvanalega vel að sér í reikningi og bæði fljótvirkur og vandvirkur.

Stóra-Hrauni 29. marz 1902.

Ólafur Helgason

prestur á Eyrarbakka.

Copie

Herr Organist Jón Pálsson der i en lang Aarrække har havt midlertidig Beskjæftigelse ved Lefoliis Handel paa Ørebakke, dels som Expedient i Butikken og dels ved Kontor-arbejde, kan jeg anbefale som en ædruelig, dygtig og i enhver Henseende paalidelig Mand.

Ørebakke den 30- marz 1902

P. Nielsen.

afrit

Við undirskrifaðir, sem höfum í mörg ár haft kynni af herra Jóni Pálssyni, organista, og verið með honum í stjórn Sparisjóðsins í Árnessýslu og við verzlunarstörf, gefum honum þann vitnisburð: að hann sé áreiðanlegur reglumaður, fyrirtaks skrifari og reikningsmaður og vel að sér í hvívetna, eptir því sem vænta má af ólærðum mönnum; þar að auki framtakssamur og maður og duglegur.

Vitnisburð þennan gefum við eptir beztu samvizku.

Eyrarbakka, 30. marts 1902.

Guðjón Ólafsson. Kr. Jóhannesson

Eftirrit

Herr Organist Jón Palsson der i en lang Aarrække har havt midlertidig Beskjæftigelse ved Lefolii=-Handel paa Ørebak, dels som Expedient i Boutikken og dels ved Kontorarbeide, kan jeg anbefale som en ædruelig, dygtig og i enhver Henseende paalidelig Mand.

Ørebak, 30. Marts 1902.

P. Nielsen